

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

33. fundur.

að Hlíðavegi 6, 28. febrúar 2008, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Þriggja ára fjárhagsáætlun, seinni umræða.
3. Gjaldskrá sorpgjalda 2008 seinni umræða.
4. Erindi frá formanni Veiðifélags Mývatns, frestað á fundi 7. feb.
5. Erindi frá Laufeyju Sigurðardóttur v/ Músík í Mývatnssveit.
6. Fundargerð Byggingarnefndar frá 11. feb.
7. Bréf Hermanns Ragnarssonar f.h. L.Í.V.
8. Erindi frá Neyðarlínunni dags. 6. feb.
9. Staðsetning Heilsugæslustöðvar.
10. Staðsetning gestastofu v/Vatnajökulspjóðgarðs.
11. Breyting á sorplista.

Til kynningar:

- Fundargerð stjórnar Eypings dags. 15. feb.
- Bréf Landgræðslunnar dags. 4. feb.
- Bréf Landsskrifstofu Staðardagskrár dags. 18. jan.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 9, 10 og 11 yrði bætt á dagskránnu.
Samþykkt samhljóða.

2. **Þriggja ára fjárhagsáætlun, seinni umræða.**
Fjárhagsáætlun til þriggja ára rædd og samþykkt.
3. **Gjaldskrá sorpgjalda 2008 seinni umræða.**

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2.gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

<i>Íbúðir</i>		<i>17.600 kr.</i>
<i>Fyrirtæki:</i>	<i>a)</i>	<i>17.600 kr.</i>
	<i>b)</i>	<i>48.300 kr.</i>
	<i>c)</i>	<i>88.000 kr.</i>
	<i>d)</i>	<i>161.500 kr.</i>
	<i>e)</i>	<i>315.800 kr.</i>
	<i>f)</i>	<i>477.500 kr.</i>

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3.gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8.gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar 7. febrúar og 28. febrúar 2008.

Skútustaðahreppi, febrúar 2008.

Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstjóri.

Gjaldskráin samþykkt óbreytt frá síðasta fundi og sveitarstjóra falið að afla henni staðfestingar.

4. **Erindi frá formanni Veiðifélags Mývatns, frestað á fundi 7. feb.**
Í bréfi Kára Þorgrímssonar formanns Veiðifélags Mývatns kemur fram að það sé kunnari en frá þurfi að segja hve silungsveiði í Mývatni hafi hrakað hin síðari ár. Afleiðingar þess eru minnkandi tekjur af veiðirétti. Félagið hefur um árabil takmarkað mjög veiðar úr vatninu og hefur í þeim efnunum stuðst við

fiskifræðilega leiðsögn Veiðimálastofnunar, auk þess sem reynt hefur verið að stunda silungsklak. Eins og fram kemur í meðfylgjandi gögnum frá Veiðimálastofnun þá er það mat stofnunarinnar að bleikjustofninn þoli mjög litla sókn og áhætta geti verið því samfara að ganga á stofninn. Þetta mat hafði Landbúnaðarstofnun til hliðsjónar þegar stofnunin setti Veiðifélaginu þá skilmála fyrir staðfestingu á nýtingaráætlu félagsins sem fram koma í meðfylgjandi bréfi Landbúnaðarstofnunar til Veiðifélags Mývatns. Veiðifélagið hefur fallist á skilmálana sem fela það í sér að ekki verði aukin sókn í veiði á þessu ári né því næsta nema ný gögn komi fram sem breyttu mati á ástandi silungsstofnanna. Í ljósi þessara fyrirliggjandi ákvarðanna um aðgerðir til verndunar vatnsins fer Veiðifélagið fram á að felld verði niður fasteignagjöld af veiðihlunnindinum á umræddu tímabili þ.e. árin 2008 og 2009 með vísan í 5. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Töluverðar umræður urðu um málið. Fram til þessa hefur sveitarstjórn ávallt hafnað erindum sem vísa í fyrrnefnda lagagrein. Sveitarstjórn hefur vissan skilning á málinu en er nokkur vandi á höndum þar sem veiðihlunnindi í Mývatni eru ekki einu hlunnindin sem greitt er af með álögðum fasteignagjöldum og erfitt getur verið að meta tekjutap vegna þeirra. Sveitarstjórn hafnar því erindinu en bendir á að hver og einn veiðiréttarhafi í Mývatni getur óskað eftir endurmati á veiðihlunnindunum hjá Fasteignamati ríkisins.

5. Erindi frá Laufeyju Sigurðardóttur v/ Músík í Mývatnssveit.

Borist hefur bréf dags. 23. feb. frá Laufeyju Sigurðardóttur f.h. Músík í Mývatnssveit. Með bréfinu er óskað er eftir stuðningi sveitarfélagsins við tónlistarhátíðina Músík í Mývatnssveit sem eins og undanfarin ár verður haldin á skírdag og föstudaginn langa. Í ljósi þess að hátíðin á 10. ára afmæli um þessar mundir samþykkir sveitarstjórn fimmtíu þúsund króna styrk til verkefnins.

6. Fundargerð Byggingarnefndar frá 11. feb.

Liður 2, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingum eftir breyttum teikningum fyrir Baðfélagið og liður 3, þar sem óskað er eftir að breyta útliti verkstæðis að Múlavegi 1, eiga við um Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Byggingarnefndar.

7. Bréf Hermanns Ragnarssonar f.h. L.Í.V.

Erindinu frestað þar til nánari gögn hafa borist.

8. Erindi frá Neyðarlínunni dags. 6. feb.

Borist hefur erindi frá Neyðarlínunni þar sem óskað er eftir leyfi til að setja upp fjarskiptahús á Vaðöldu. Erindinu vísað til Byggingarnefndar.

9. Staðsetning Heilsugæslustöðvar.

Í gegnum árin þá hefur staðsetning nýrrar Heilsugæslustöðvar í Mývatnssveit verið reglulega til umræðu í sveitarstjórn. Eftir að hafa farið ítarlega yfir þá möguleika sem í boði eru þá list sveitarstjórn best á að henni verði fundin staður undir hlíðinni norðan Hlíðarvegar, vestan íþróttavallar. Þar yrði einnig gert ráð fyrir að hægt verði að byggja upp aðstöðu fyrir aldraða.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að koma málinu í skipulagsferli.

10. Staðsetning gestastofu v/Vatnajökulspjóðgarðs.

Með stofnun Vatnajökulspjóðgarðs er gert ráð fyrir að byggð verði gestastofa í Mývatnssveit sem þjóni þjóðgarðinum. Sveitarstjórn telur að henni verði best fyrir komið við þjóðveg nr. 1, Austurlandsveg, vestan Múlavegar 1.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að koma málinu í skipulagsferli.

11. Breyting á sorplista.

Eftir að sveitarstjórn samþykkti fyrirtækjalista vegna sorpgjalda 2008, barst athugasemd frá eigendum Skútustaða 2b sem laut að því að þau rækju hvorki tjaldstæði né reykhus eins og fram kemur á listanum, reykhusið væri rekið af eigendum Skútustaða 2 og tjaldstæðarekstri var hætt fyrir rúmu ári síðan.

Sveitarstjórn samþykkir þá breytingu á sorplistanum að færa reykhusið að Skútustöðum 2 í A flokk sorpgjalda. Þrátt fyrir þessa breytingu þá er ekki hægt að lækka sorpgjald á Skútustaði 2b, þar sem lágsta gjald fyrir rekstur gistingar er B flokkur. Auk þessa samþykkir sveitarstjórn að bæta reykhusinu á Hellu inn á listann í A flokk.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétusson.